

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Sigurð Ágúst Sigurðsson og Guðmund Ibsen frá Happraætti DAS, Brynjólf Sigurðsson frá Happraætti Háskóla Íslands, Davíð Gunnarsson frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Pétur Bjarnason og Hauk Þórðarson frá Happraætti SÍBS og Sigurbjörn Gunnarsson frá Íslenskri getsþá. Umsagnir bárust um málið frá Háskóla Íslands, Happraætti Háskóla Íslands, Happraætti SÍBS, Happraætti DAS, stúdentaráði Háskóla Íslands og Íslenskri getsþá.

Frumvarpinu er ætlað að endurnýja heimild Happraættis Háskóla Íslands til rekstrar peningahappraættis um 15 ár, en Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til að reka slíkt happraætti allt frá árinu 1934 gegn greiðslu 20% einkaleyfisgjalds til ríkissjóðs. Happraættið stendur undir nánast öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands

Við meðferð málsins var athygli nefndarinnar vakin á því að einkaréttur Háskóla Íslands gæti farið gegn markmiðum samkeppnislaga, sbr. álit samkeppnisráðs, nr. 4/2000, um að hann gæfi „samkeppnislegt forskot gagnvart vöruhapppraættunum“ og torveldaði „frjálsa samkeppni á markaðnum“. Jafnframt komu fram ábendingar þess efnis að einkarétturinn kynni að fara í bága við ákvæði 31. og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið varðandi staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi.

Nefndin telur að leysa verði úr því sem fyrst hvort þær athugasemdir sem gerðar voru við einkarétt Háskóla Íslands á rekstri peningahappraættis eru réttmætar og eiga við rök að styðjast. Jafnframt verði hugað að forsendum einkaleyfisgjaldsins. Nefndin hvetur því dómsmálaráðherra til að hraða heildarendurskoðun happraættislöggjafarinnar í landinu sem mest má verða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Katrín Júlíusdóttir skrifa undir álitid með fyrirvara sem lýtur að tímalengd heimildarinnar. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt álitid þessu með sams konar fyrirvara og fulltrúar Samfylkingarinnar gera.

Alþingi, 24. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson,  
form., frsm.

Guðrún Ögmundsdóttir,  
með fyrirvara.

Jónína Bjartmarz.

Birgir Ármannsson.

Katrín Júlíusdóttir,  
með fyrirvara.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson,  
með fyrirvara.

Sigurrós Þorgrímsdóttir.